

59

20. apríl

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 72 4. maí 1948, um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16. apríl 1934.

1. gr.

Í stað orðanna „20. september“ í 3. gr. reglugerðarinnar komi: mánudaginn í 22. viku sumars.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess, sem markaskrá er prentuð, skulu, er þeir hafa fengið leyfi markadóms fyrir markinu, auglýsa það fyrir fjallskilastjórum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. apríl 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

60

25. apríl

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Búnaðarsambands Strandamanna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Búnaðarsambands Strandamanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Búnaðarsambands Strandamanna.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 1254.03, og er hluti Strandasýslu úr Verðlaunasjóði Búnaðarsambands Vestfjarða, sem myndaður var af amtsjóðsleifum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, og afhentur var 31. des. 1909, og að viðbættum kr. 2616.08 úr Búnaðarsjóði, eða samtals kr. 3870.11.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna fyrirmyndar búnaðarframkvæmdir á sambandssvæðinu. Skal það gert eftir ábendingu trúnaðarmanns og stjórnar sambandsins, og með samþykki aðalfundar búnaðarsambandsins. Verðlaunin skulu vera heiðursskírteini, sem stjórn sambandsins skal ávallt sjá um að séu fyrirbyggjandi, eða verðlaunagripir, sem stjórnin lætur gera eftir fyrirmælum aðalfundar.